

Fundur seyrustjórnar haldinn í ráðhúsinu á Flúðum miðvikudaginn 27. október 2021, kl. 08:30.

Mætt voru, Sylvía Karen Heimisdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Eydís Indriðadóttir og Valtýr Valtýsson í fjarfundi.  
Fundinn sat einnig Hannibal Kjartansson.

Jón stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

**1. Staða og horfur.**

Á fundinn mæta undir þessum lið Áslaug Þórarinsdóttir, þjónustufulltrúi og Atli Geir Scheving, bílstjóri og gerðu ásamt Jóni og Hannibal grein fyrir stöðu og horfum á hreinsun rotþróa á þessu ári. Upplýst var að verktakinn Hreinsitækni sé langt á eftir öllum áætlunum um hreinsun á þeim rotþróum sem þeim var falið. Stafar það aðallega af miklum mannbreytingum, bilunum á bifreiðum, veikindum bílstjóra o.fl. Upplýst var að hreinsibifreið seyrusamstarfsins hafi verið búin undir að halda áfram hreinsun inn í veturinn meðan aðstæður leyfa til að bregðast við þessu og þá hafi Hreinsitækni lokað bót og betrun varðandi sína aðkomu að hreinsuninni á komandi vikum.

**2. Gjaldskrá Seyrustaða 2022.**

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2022. Gjaldskráin er gerð í nafni Hrunamannahrepps á grundvelli fráveitusamþykktu Hrunamannahrepps og var auglýst þannig fyrir þetta ár. Lagt er til að gera breytingar á gjaldskrá þannig að móttökugjald og gjald fyrir aukalosanir hækki um 3% á milli ára en að öðru leyti sé gjaldskráin óbreytt.

Tillaga að gjaldskrá 2022 samþykkt og vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

**3. Fjárhagsáætlun 2022.**

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og hún samþykkt.

Samþykkttri fjárhagsáætlun vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

**4. Önnur mál.**

Jón upplýsti að búið væri að sækja um endurgreiðslu á fráveituframkvæmdum vegna Seyrustaða til Umhverfissráðuneytisins vegna ársins 2020 sem gætu numið kr. 11. millj. Þá var upplýst að Ferðafélag Íslands og Veitur hefðu áhuga að koma með hráefni til móttöku á Seyrustöðum. Einnig hafa verið samtöl við OR um tilraunaverkefni að fella út efni úr heitu vatni sem gæti notast í stað kalks. Þá hafa átt sér samtöl við Umhverfissráðuneytið, SASS o.fl. um að seyruverkefnið gæti notast til að sækja um styrki í Live verkefnið.

Stefnt er síðan að því að vígja húsnæðið að Seyrustöðum við fyrsta tækifæri og í leiðinni undirrita samstarfssaminginn og eignskiptaskjöl vegna lóðar og húsnæðisins á Seyrustöðum.

Fundi slitið kl. 10:00.